

4. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2017, haldinn 5. september 2017 í leikskólanum kl. 15:00. 17. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Heiða Snorradóttir, fulltrúi starfsfólks, varamaður Freyju Þorkelsdóttur og Jóhanna Bríet Helgadóttir, fulltrúi foreldraráðs, varamaður Fríðar Sæmundsdóttur.

Dagskrá

1. Skýrsla leikskólastjóra

2. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

- **Skýrsla leikskólastjóra**

Nú er starfið á leikskólanum að komast í fastar skorður. Hér er vel mannað og allir jákvæðir og glaðir. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi við HÍ og fara í staðlotur og vettvangsnám og því er nauðsynlegt að hafa starfsfólk til að leysa af. Einnig eru þrír starfsmenn í námi hjá Fræðslunetinu og ein er í fjarnámi til stúdentsprófs.

Jón Hermann lét af störfum hjá okkur í sumar og í hans stað kom Marta Margeirsdóttir, áður hafði ég ráðið Katrínu Þorvaldsdóttur og Arnheiði S. Þorvaldsdóttur til starfa.

Nokkur breyting hefur orðið á vistun barna í þá veru að fleiri börn eru hér frá átta á morgnana til fjögur á daginn og hefur það kallað á meiri mönnun allan daginn. Þannig hefur t.d. dugað að einn starfsmaður mæti til að opna en núna eru tvær mættar þar sem að oft eru komin tíu börn eða fleiri fyrir átta. Ekki er rukkað fyrir þetta korter en mér finnst full ástæða til að skoða það.

Thelma Þöll Þorbjarnardóttir hóf störf hér hjá okkur 1.september og verður hún í 50% starfi. Hún hefur lokið starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun frá HÍ og laun hennar eru að hluta greidd frá Tryggingastofnun. Eins og áður er Unnur Þórsdóttir hér þrjá daga í viku og með henni er Else.

Núna eru 36 börn skráð hjá okkur og líkur á fjölgun í vetur. Þannig eru einhverjar þreifingar í gangi með að við tökum við börnum frá Bláskógabyggð þar sem leikskólinn þar er fullur. Ég er búin að auglýsa eftir umsóknum því það er nauðsynlegt fyrir mig að vita hversu mörg börn

hér í hrepp eru hugsanlega að koma hér inn þegar líður á veturinn sérstaklega ef við tökum við börnum úr Bláskógabyggð.

Vorið var hefðbundið hjá okkur, gengið á Miðfell, kíkt á sauðburð í Hruna og vorhátíð var á sínum stað.

Sjö nemendur voru útskrifaðir af leikskólanum og hófu þau nám í Flúðaskóla í haust. Fjögur börn hafa verið í aðlögun hjá okkur, þrjú eins árs og einn fæddur 2013.

Í ljós hefur komið að kastalinn hér á leikvellinum er í slæmu ásigkomulagi og þarf að huga að nýjum í næstu fjárhagsáætlun.

Við erum að byrja með Mentor fyrir leikskóla og stefnum á að hætta með heimasíðu en vera með flipa inni á fludir.is fyrir það sem er nauðsynlegt að hafa þar inni.

2. Önnur mál

a) Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 1 umsókn um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknina.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:40